

Á R S S K Ý R S L A

STEFs fyrir árið 2010

1. Stjórn STEFs og starfsmenn samtakanna.

Í stjórn STEFs á árinu 2010 áttu sæti: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Áskell Mátsson, Jakob F. Magnússon, Kjartan Ólafsson, Óttarr Ó. Proppé, Sigurður Flosason og Þorkell Sigurbjörnsson. Var Jakob formaður stjórnarinnar og Kjartan varaformaður fyrri hluta ársins eða fram að aðalfundi fulltrúaráðs samtakanna, sem haldinn var 12. maí, en þá tók Kjartan við sem formaður stjórnarinnar og Jakob varð um leið varaformaður hennar.

Fastráðnir starfsmenn STEFs í lok ársins voru átta talsins, þar af þrír í hlutastörfum. Framkvæmdastjóri var Eiríkur Tómasson og skrifstofustjóri Jenný Davíðsdóttir. Hinn 31. ágúst lét Gunnar Stefánsson af störfum sem markaðs- og innheimtustjóri samtakanna og við því starfi tók Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Hér á eftir verður greint frá því helsta í starfsemi STEFs á árinu.

2. Breytt starfsskipulag á grundvelli nýrra samþykktu.

Á aðalfundi fulltrúaráðs STEFs árið 2009 voru samþykktar samhljóða nýjar samþykktir fyrir samtökin. Með þeim voru gerðar nokkrar breytingar á skipulagi samtakanna. Fjölgað var um þrjá í fulltrúaráði þeirra, þannig að það er nú skipað 21 fulltrúa í stað 18 áður. Ennfremur er þriðjungur fulltrúanna, þ.e. sjö, kosinn beinni kosningu til tveggja ára, meðan hinir 14 eru tilnefndir af aðildarfélagunum tveimur, Tónskáldafélagi Íslands og Félagi tónskálda og textahöfunda, þar sem hvort þeirra tilnefnir fimm fulltrúa af sinni hálfu til setu í fulltrúaráðinu, auk tveggja manna í stjórn STEFs sem jafnframt eiga sæti í ráðinu. Skal annar þessara stjórnarmanna vera formaður hlutaðeigandi aðildarfélags. Auk þeirra fjögurra stjórnarmanna, sem tilnefndir eru af aðildarfélagunum, kýs fulltrúaráðið þrjá úr hópi fulltrúaráðsmanna til setu í stjórninni til tveggja ára í senn. Er svo fyrir mælt að minnst einn stjórnarmanna og minnst þrír fulltrúaráðsmanna skuli koma úr hópi réttthafa utan aðildarfélaganna.

Í mars 2010 fór í fyrsta sinn fram almenn kosning til fulltrúaráðs STEFs samkvæmt hinum nýju samþykktum. Kosnir voru sjö fulltrúar til setu í ráðinu til næstu tveggja ára úr hópi níu frambjóðenda. Fór kosningin vel fram og voru úrslit hennar afgerandi.

3. Markaðsmál og breytt tilhögun innheimtu á höfundaréttargjöldum.

Með tilkomu nýs markaðs- og innheimtustjóra hafa áherslur breyst í samskiptum STEFs við viðskiptavinum sína, þ.e. þá sem standa eiga skil á höfundaréttargjöldum, og jafnframt hefur tilhögun á innheimtu gjaldanna verið breytt.

Fram að þessu hefur ekki farið fram neitt markvisst markaðsstarf á vegum samtakanna, með það að markmiði að bæta ímynd þeirra í augum viðskiptavinnanna og ná sem bestu samstarfi við þá. Þótt slíkt samstarf hafi vissulega verið til staðar hefur það aðeins verið á afmörkuðum sviðum. Hingað til hafa samtökin yfirleitt brugðist við flutningi tónlistar með tilheyrandi kröfu um greiðslu höfundagjalda, um það leyti eða eftir að hann hefur átt sér stað (á ensku „retroactively“). Þess í stað er stefnt að því að gera það framvegis í ríkari mæli fyrir fram („proactively“), t.d. með samningum við þá, sem standa fyrir tónflutningi, svo sem tónleikahaldara, um gagnkvæmt samstarf um heimild til tónflutnings og greiðslu sanngjarns endurgjalds fyrir flutninginn, auk skila á upplýsingum um þá tónlist sem flutt er.

Önnur breyting, sem stefnt er að, er að færa innheimtu höfundagjalda frá einstökum innheimtumönnum til skrifstofu STEFs. Í því sambandi verður skilið á milli eftirlits með tónflutningi annars vegar og sjálfrar innheimtunnar hins vegar, en skrifstofan mun í framtíðinni sjá um hana meðan hlutverk eftirlits- og skoðunarmanna verður takmarkað við að fylgjast með því hvort þeir aðilar, sem ekki standa skil á höfundagjöldum, séu að flytja tónlist opinberlega, svo og að hafa uppi á nýjum viðskiptavinum. Er þetta í samræmi við þá tilhögun sem nú tíðkast á öðrum Norðurlöndum, t.d. í Danmörku og Noregi.

4. Samskipti við útvarpsstöðvar og aðra gjaldskylda aðila.

Samningsgerð og önnur samskipti við útvarpsstöðvar, þ.e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, er jafnan þýðingarmikill þáttur í starfsemi STEFs, enda stafar stór hluti af höfundaréttargjöldum fyrir opinberan flutning tónverka hér innan lands frá þeim.

Þrátt fyrir samdrátt í íslensku efnahagslífi á síðustu árum, sem auðvitað hefur bitnað á útvarpsstöðvunum, eins og öðrum, hafa tekjur STEFs frá stærstu stöðvunum, Ríkisútvarpinu og 365 miðlum aukist lítillega frá síðasta ári samkvæmt ársreikningi samtakanna. Á hinn bóginn drógust tekjur frá þriðju stóru útvarpsstöðinni, Skjánum, saman milli ára 2009 og 2010, meðan tekjur frá öðrum útvarpsstöðvum jukust nokkuð.

Yfirleitt hafa samskipti við útvarpsstöðvar gengið vel á undanförunum árum og sömu sögu er að segja um samskiptin við aðra gjaldskylda aðila. Nokkur mál hafa komið til kasta STEFs, þar sem einstakir tónhöfundar hafa mótmælt því að tónlist þeirra sé notuð í dagskrá útvarpsstöðvanna, að þeim forspurðum.

Hefur þetta einkum gerst þegar tónlist hefur verið flutt í sjónvarpi, ýmist í dagskrárkyningum stöðvanna eða einstökum sjónvarpsþáttum. Viðhorf STEFs hefur verið það að stöðvarnar hafi, á grundvelli samninga sinna um heimild til tónflutnings, tiltölulega frjálsar hendur um val á tónlist til flutnings við hin ýmsu tækifæri, að því tilskildu að sæmdarréttur hlutaðeigandi höfunda sé virtur. Þrátt fyrir að höfundar hafi ekki í öllum tilvikum verið sáttir við þessa afstöðu samtakanna hefur samt sem áður tekist að leysa þessi mál á farsælan hátt.

Á árinu áttu sér stað viðræður við þá aðila, sem bjóða viðskiptavinum sínum upp á að horfa á kvikmyndir og sjónvarpsefni að eigin vali („video on demand“), um greiðslu höfundagjalda til STEFs. Er hér fyrst og fremst um að ræða þrjú fyrirtæki, Skjáinn, Vodafone og Filmu. Ekki lá fyrir nein niðurstaða í þessum viðræðum í lok ársins, en miðað er við að höfundagjöld fyrir þessi not tónlistar í kvikmyndum og sjónvarpsefni verði innt af hendi frá og með áramótum 2010–2011.

5. Not tónlistar á netinu og leiðir til að bregðast við þeirri ólögmetu notkun sem þar á sér stað.

Ekkert eitt mál hefur verið eins fyrirferðarmikið í starfsemi STEFs á undanförunum árum og það hvernig unnt sé að stemma stigu við þeirri ólögmetu notkun tónlistar sem viðgengist hefur á netinu um langan tíma og valdið tónhöfundum og öðrum réttihöfum ómældu fjárhagslegu tjóni. Ekki er nóg að stemma stigu við hinni ólögmetu notkun, heldur þarf jafnframt að tryggja höfundum sanngjarnt endurgjald fyrir þessi not tónlistar sem önnur.

Í mörg ár hefur verið talað fyrir því af hálfu STEFs að gengið verði til samninga við fjarskiptafyrirtækin með það fyrir augum að netnotendum verði veitt heimild til takmarkaðs aðgangs að tónlist á netinu gegn hóflegu endurgjaldi. Þrátt fyrir andstöðu ýmissa aðila við þessa hugmynd komst loks nokkur skriður á þetta mál á árinu.

Má rekja upphaf þess til fundar, sem haldinn var 22. júní að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Var fundinum ætlað að marka upphafið að viðræðum þeirra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, um aukið framboð menningarefnis á netinu og aðgerðir til að sporna við ólögmetri dreifingu slíks efnis um netið. Í kjölfarið boðaði ráðuneytið síðan til fundar 28. september með hagsmunadilum, er tengjast tónlist, auk fulltrúa fjarskiptafyrirtækjanna. Í lok þess fundar beindu fulltrúar ráðuneytisins þeim tilmælum til réttthafasamtakanna, STEFs og Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), og fjarskiptafyrirtækjanna fjögurra, Símans, Vodafone, Nova og Tals, að hefja viðræður sín á milli um þann vanda, sem við er að etja, og leiðir til að ráða bót á honum.

Hinn 29. nóvember var síðan haldinn óformlegur viðræðufundur milli STEFs og SFH annars vegar og stjórnenda fjarskiptafyrirtækjanna fjögurra hins vegar um leiðir til að stemma stigu við ólögmetum notum tónlistar á netinu og tryggja höfundum og öðrum réttihöfum jafnframt sanngjarnt endurgjald fyrir

tónlistarnot sem þar eiga sér stað. Voru umræður á þessum fundi mjög gagnlegar og opinskáar, þ. á m. kynntu fulltrúar STEFs þar hugmynd samtakanna að hóflegu gjaldi fyrir hvern netnotanda sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Á fundinum ríkti jákvæður andi og var þar samþykkt að setja á stofn vinnuhóp, skipaðan fulltrúum allra aðila, til að ræða málið frekar, að fenginni heimild Samkeppniseftirlitsins.

Sem fyrr segir hefur STEF lengi barist fyrir þeirri hugmynd að tónhöfundum og öðrum réttihöfum verði tryggt sanngjarnt endurgjald fyrir notkun tónlistar á netinu með hóflegu gjaldi sem netnotendum verði gert að greiða á grundvelli heildarsamninga milli STEFs og SFH annars vegar og fjarskiptafyrirtækjanna hins vegar. Frá upphafi hefur verið lögð á það rík áhersla af hálfu STEFs að þessi gjaldtaka eigi að vera byggð á samningum er hafi sambærilega stoð í höfundalögum og samningar samtakanna við útvarpsstöðvar. Hins vegar hafa samtökin frá upphafi lagst gegn því að gjaldið sé í formi skatts, sem lagður verði á netnotendur með lögum, enda hefði ríkisvaldið þá í hendi sér að lækka skattinn eða breyta honum að vild, án þess að réttihafar kæmu neinum vörnum við.

Í kjölfar fundarins í september, sem áður er nefndur, var skýrt frá fyrrgreindri hugmynd STEFs í fjölmiðlum og henni ranglega lýst sem tillögu um nýjan skatt. Ekki síst af þeirri ástæðu fékk hugmyndin misjafnar móttökur í byrjun, en þegar upp var staðið, eftir að gefist hafði tóm til að skýra hana nánar, urðu viðbrögðin ekki eins neikvæð og búast hefði mátt við. Hins vegar hefur það komið á óvart hversu hugmyndin hefur fallið í grýttan jarðveg hjá fyrirsvarsmönnum annarra réttihafa. Þrátt fyrir það hefur stjórn STEFs verið einhuga um að reyna til þrautar að ná samkomulagi við fyrirsvarsmenn hljómplötuframleiðenda og tónflytjenda um að fara þá leið, sem samtökin hafa gert tillögu um, þ.e. að greitt verði hóflegt gjald fyrir hvern netnotanda er veiti notendunum takmarkaðan aðgang að tónlist á netinu. Samhliða hefur stjórnin staðið fast á þeirri skoðun að STEF eigi sjálft að ganga til samninga við fjarskiptafyrirtækin um heimild til handa viðskiptavinum þeirra til að fá aðgang að tónlist á netinu. Þannig er skýrt tekið fram í samningum samtakanna við þá aðila, sem bjóða aðgang að tónlist á netinu, svo sem vefsíðurnar „tonlist.is“, „grapewire.net“ og „gogoyoko.com“, að þeir aðilar hafa ekki heimild til þess að ganga til samninga við önnur fyrirtæki, svo sem fjarskiptafyrirtæki, er heimili fyrirtækjunum að veita viðskiptavinum sínum aðgang að tónlist á umræddum síðum. Eru slíkir samningar því ógildir, nema STEF hafi samþykkt þá fyrir sitt leyti.

6. Not tónlistar í kvikmyndum og leikhúsum.

Innan STEFs eru starfandi tvær nefndir sem hafa það hlutverk að vinna sérstaklega að hagsmunamálum kvikmyndatónskálda annars vegar og leikhústónskálda hins vegar.

Hefur fyrrgreinda nefndin m.a. rætt um nauðsyn þess að tónskáld haldi eftir rétti sínum til gerðar eintaka, svo sem geisladiska, (á ensku „mechanical right“) í samningum við kvikmyndaframleiðendur um gerð kvikmynda-

tónlistar. Að frumkvæði nefndarinnar samþykkti stjórn STEFs 5. nóvember að á grundvelli þeirra umboða, sem tónskáld hafa veitt samtökunum til að gæta höfundaréttar síns, muni þau ekki framvegis fallast á afdráttarlaust afsal tónskálda á rétti til eintakagerðar í samningum þeirra við framleiðendur, þar sem samið er um rétt til að skeyta tónlist þeirra við kvikmynd eða sjónvarps-efni (á ensku „synchronization right“).

Í síðargreindu nefndinni hafa einkum verið ræddar leiðir til að bæta stöðu tónskálda í skiptum þeirra við leikhúsin, en hún er í ýmsu tilliti mun lakari en staða annarra höfunda á þeim vettvangi, ekki síst leikskálda. Hefur m.a. verið rædd þörf á því að gerður verði rammisamningur milli aðildarfélaganna STEFs og atvinnuleikhúsanna þriggja, í líkingu við þann samning sem lengi hefur verið í gildi milli Rithöfundasamband Íslands og leikhúsanna, vegna leikskálda. Slíkan samning mætti nota sem grundvöll, er unnt væri að styðjast við, þegar leikhúsin semja við einstök tónskáld og tónhöfunda um gerð tónlistar við leikverk og önnur sviðsverk sem þau hyggjast setja upp.

7. Höfundaréttarmál.

Í byrjun árs 2009 var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness dómur í máli því, sem STEF höfðaði gegn Istorrent ehf. og Svavari Lútherssyni, m.a. til staðfestingar á lögbanni við starfrækslu vefsíðunnar *torrent.is* og viðurkenningu á bótaskyldu stefndu gagnvart umbjóðendum samtakanna. Upphaflega höfðu fleiri höfundaréttar- og hagsmunasamtök staðið að lögbanninu og eftirfarandi málshöfðun, en kröfum þeirra var vísað frá dómi, þannig að STEF stóð, þegar upp var staðið, eitt eftir. Er það ekki í fyrsta sinn sem samtökin ganga þannig fram fyrir skjöldu við gæslu höfundaréttar almennt. Féllst héraðsdómur á báðar þær kröfur, sem að framan greinir, og dæmdi stefndu til greiðslu 1 millj. kr. í málskostnað. Dóminum var síðar áfrýjað af þeirra hálfu til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi sínum, uppkveðnum 11. febrúar 2010. Auk fyrrgreinds málskostnaðar í héraði var áfrýjendum gert að greiða STEFi 700 þús. kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Vorið 2010 voru gerðar verulegar breytingar á ákvæðum höfundalaga um viðurlög við brotum á lögunum og réttarfar í höfundaréttarmálum sem flestar fela í sér umtalsverðar réttarbætur fyrir höfunda og höfundaréttarsamtök á borð við STEF. Má þar sérstaklega nefna nýtt ákvæði í lögunum sem veitir samtökunum heimild til að fá lagt lögbann við ólögmetum notum tónlistar á netinu með því að fjarskiptafyrirtækjum verði bannað að miðla tónlist til tiltekinna viðskiptavina sinna um netið.

8. Úttekt á starfsemi STEFs á vegum CISAC.

Árið 2008 voru samþykktar starfsreglur af Alþjóðasambandi höfundaréttar-samtaka (CISAC) sem aðildarsamtökum sambandsins á sviði tónlistar er ætlað að fara eftir. Í þessum reglum er að finna ákvæði um stjórn og skipulag aðildarsamtakanna og hvernig þau eigi að standa að ákvörðunum um höfundaréttargjöld og innheimtu þeirra, skráningu rétthafa og verka og úthlutun

höfundaréttargreiðslna til höfunda og annarra réttihafa. Við þessa hagsmunagæslu í þágu réttihafa ber aðildarsamtökunum að gæta jafnræðis og gegnsæis, auk þagmælsku og trúnaðar, þar sem það á við.

Auk starfsreglnanna var samþykkt að gerð skyldi úttekt á vegum CISAC á skipulagi og starfsemi allra aðildarsamtakanna, þar sem gengið yrði úr skugga um hvort þau færu í reynd eftir ákvæðum reglnanna. Markmiðið með slíkri úttekt er að til þess verði séð, af hálfu alþjóðasambandsins, að reglurnar séu hvarvetna virtar, en þeim er ætlað að vera svar við þeirri gagnrýni, sem oft heyrir, að starfsemi höfundaréttarsamtakanna sé ekki nógu gegnsæ og þau mismuni réttihöfum á ótilhlýðilegan hátt, svo að tvö dæmi séu nefnd. Fyrirhugað er að úttekt verði gerð hjá aðildarsamtökunum á tíu ára fresti, þannig að þau gangist öll undir sams konar úttekt á hverjum áratug.

Á aðalfundi CISAC 2009 var dregið um það hvaða samtök skyldu fyrst tekin út samkvæmt því sem að framan greinir. Voru tvönn vestur-evrópsk samtök dregin út, þ.e. STEF og Nordisk Copyright Bureau (NCB). Í framhaldi af því voru alþjóðasambandinu send margvísleg skjöl, sem varða skipulag og starfsemi samtakanna, auk þess sem svara þurfti fjölda spurninga er lutu að sömu þáttum. Í lok júnímánaðar á síðasta ári sótti svo fulltrúi CISAC STEF heim og átti fundi með fyrirsvarsmönnum samtakanna. Að heimsókninni lokinni skilaði hann ítarlegri skýrslu til framkvæmdastjórnar CISAC. Var niðurstaða skýrslunnar sú að skipulag og starfsemi STEFs uppfyllti í öllum meginatriðum þær kröfur sem gerðar eru til aðildarsamtaka sambandsins í fyrrgreindum starfsreglum. Nokkur atriði þurfti þó að færa til betri vegar og er stefnt að því að þau hafi öll verið lagfærð fyrir mitt ár 2011. Meðal þeirra er endurskoðun á úthlutunarreglum samtakanna, þar sem m.a. verði kveðið á um það hvaða atriði skuli miða við þegar höfundaréttargreiðslum er úthlutað vegna flutnings tónlistar í útvarpi og utan útvarps, svo og hvaða aðferðir skuli viðhafðar við úthlutun höfundagreiðslna til innlendra jafnt sem erlendra réttihafa.

9. Samstarfsvettvangur STEFs og SFH: *Samtónn*.

Markmiðið með þessu samstarfi er „að vinna að sameiginlegum hagsmunum og styrkja stöðu höfunda, flytjenda, framleiðenda og annarra réttihafa að tónlist“, eins og segir í samþykktum fyrir *Samtón*. Á undanfönnum árum hefur með tilkomu þessa sameiginlega vettvangs tekist að koma mörgum baráttumálum tónhöfunda, tónflytjenda og hljómplötuframleiðenda í höfn. Er ekki ástæða til að telja þau öll upp hér, en meðal verkefna, sem *Samtónn* hefur hrundið í framkvæmd eða unnið að, má nefna *Dag íslenskrar tónlistar*, *Reykjavík-loftbrú*, *Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar* og *Íslensku tónlistarverðlaunin*, auk baráttu gegn ólögmetum notum höfundarverka á netinu í samvinnu við samtök kvikmyndaréttihafa.

10. FJÖLÍS og IHM.

Starfsemi þessara tveggja regnhlífarsamtaka, sem STEF á aðild að, hefur verið í tiltölulega föstum skorðum síðustu árin. Sér FJÖLÍS um innheimtu á höfundaréttargjöldum fyrir fjölföldun höfundarverka, t.d. fjölföldun af tónverkum á nótum, meðan IHM annast innheimtu á lögboðnu höfundaréttargjaldi af auðum böndum og diskum, svo og af tækjum sem notuð eru til upptöku á höfundarverkum, þ. á m. tónlist. Með tilkomu breyttrar tækni, m.a. þess að verk eru nú í æ ríkari mæli tekin upp á harða diska í tölvum eða far-símum, hafa tekjur IHM dregist verulega saman á síðustu árum.

11. Erlend samskipti.

Ár hvert er haldinn aðalfundur CISAC, alþjóðasambands höfundaréttarsamtaka, sem STEF hefur lengi átt aðild að, eitt íslenskra höfundaréttarsamtaka. Árið 2010 var aðalfundurinn haldinn í borginni Bilbao á Spáni. Fulltrúar STEFs á fundinum voru formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri samtakanna.

Nýverið voru sett á stofn samtök evrópskra tónhöfunda sem þegar hafa mikið látið að sér kveða við að koma sjónarmiðum höfunda og höfundaréttarsamtaka á framfæri við ráðamenn Evrópusambandsins (ESB). Starfsemi þessara nýju samtaka hefur þegar borið þann árangur að meira tillit er nú tekið til réttinda og hagsmuna höfunda, sem og sérstöðu samtaka á borð við STEF, en áður var, þegar höfundaréttarmálum er ráðið til lykta innan sambandsins. Vegna þess að höfundaréttur er eitt af þeim sviðum, sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) tekur til, hafa ákvarðanir, sem teknar eru á því sviði af hálfu ESB, afgerandi þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Þar af leiðandi er æskilegt að íslenskir tónhöfundar fylgist náið með starfsemi evrópsku samtakanna og hefur það komið í hlut formanns og varaformanns STEFs, sem báðir hafa tekið virkan þátt í starfi samtakanna.

Samstarf norrænu höfundaréttarsamtakanna á sviði tónlistar hefur þó ávallt verið það sem skipt hefur mestu máli í samskiptum STEFs við erlend systursamtök sín. Má þar sérstaklega nefna Nordisk Copyright Bureau (NCB), sem annast innheimtu höfundaréttargjalda vegna útgáfu hljómdiska og annarra hljóðrita, sem og myndrita, og gætir hagsmuna norrænna tónhöfunda á sviði upptökuréttar (á ensku „mechanical right“) í umboði norrænu STEFjanna. Segja má að rekstur NCB hafi verið í járnnum síðustu árin vegna þess að tekjur þessara samnorrænu höfundaréttarsamtaka hafa jafnt og þétt verið að dragast saman vegna minnkandi sölu á hljóðritum. Vegna mikils aðhalds í rekstri og aukinnar samvinnu við önnur höfundaréttarsamtök hefur afkoman þrátt fyrir það verið viðunandi. Skiptir það miklu máli í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem NCB gegnir og mun vonandi gegna áfram við að gæta hagsmuna norrænna tónhöfunda, ekki aðeins á sviði upptökuréttar, heldur einnig að því er lýtur að hagsmunagæslu vegna sívaxandi nota tónlistar á netinu.

12. Fjöldi rétthafa, sem aðild eiga að STEFi, og fjárhagur samtakanna.

Í árslok 2010 höfðu 3566 tónhöfundar og aðrir rétthafar veitt STEFi umboð til að gæta hagsmuna sinna og hafði þeim fjölgað um 196 á árinu. Þar af voru félagar í aðildarfélögum STEFs alls 382 talsins.

Heildartekjur STEFs árið 2010, að undanskildum fjármagnstekjum, námu kr. 531.514.288, en á árinu 2009 voru heildartekjur samtakanna kr. 517.624.533. Þrátt fyrir erfitt árferði jukust tekjurnar því um 2,7% milli ára. Kostnaður við rekstur samtakanna, að frátöldum afskriftum viðskiptakrafna, fjármagnsgjöldum og þess háttar kostnaði, nam kr. 103.681.458 árið 2010 á móti kr. 92.413.794 á árinu 2009. Rekstrarkostnaður samtakanna hefur því aukist um 12,2% milli ára sem er hlutfallslega meiri aukning en verið hefur um langa hríð. Er meginskýringin á þessum útgjaldaauka aukin umsvif í starfsemi samtakanna sem að nokkru leyti er gerð grein fyrir hér að framan.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar fulltrúaráðs STEFs og gagnkvæma samninga samtakanna við systursamtök sín erlendis runnu á árinu 2010 samtals kr. 18.000.000 í svonefndan Tónmenntasjóð og til sérstakra verkefna, svo sem *Íslensku tónlistarverðlaunanna*. Námu þessi framlög 7,9% af innheimtum flutningsréttartekjum hér á landi á árinu, að frádregnum rekstrarkostnaði og afskriftum viðskiptakrafna. Var tekjum Tónmenntasjóðs að stærstum hluta varið til að styrkja starfsemi aðildarfélaga STEFs sem bæði halda uppi margvíslegri menningarstarfsemi og hagsmunagæslu í þágu íslenskra tónhöfunda.

Að því er fjárhag STEFs varðar er að öðru leyti vísað til ársreiknings samtakanna.